



Hinsegin dagar í Reykjavík 2017: Upplýsingar til fjölmiðla

Hinsegin dagar í Reykjavík eru nú haldnir hátíðlegir í nítjándanda sinn og er hátíðin glæsileg sem endranær. Fjölbreytnin er í fyrirrúmi en tæplega 30 viðburðir eru á dagskrá hátíðarinnar sem stendur frá **þriðjudeginum 8. ágúst til sunnudagsins 13. ágúst**. Á dagskránni eru m.a. tónlistarviðburðir, dragsýning, ljósmyndasýning, kvikmyndasýningar, fjölskylduhátíð, dansleikir og fjöldi fræðsluviðburða svo dæmi séu tekin. Hápunktur hátíðarinnar er að sjálfsögðu sjálf gleðigangan sem mun ganga frá gatnamótum Hverfisgötu og Ingólfsstrætis að Sóleyjargötu laugardaginn 12. ágúst. Í kjölfarið efna Hinsegin daga til útihátíðar í Hljómskálagarðinum. Þann dag gera skipuleggjendur hátíðarinnar ráð fyrir tugþúsundum gesta í miðborginni, líkt og fyrri ár.

Hinsegin list og listafólk er þema Hinsegin daga að þessu sinni. Við erum svo lánsöm að vera rík af alls konar listafólki sem hefur verið óhrætt við að stíga fram í dagsljósið og spyrja óþægilegra spurninga um stöðu hinsegin fólks á Íslandi. Hinsegin listafólk ögrar með því sem það segir, gerir og sýnir. Það hefur verið mikilvægt breytingarafl og stuðlað að því að opna hug fólks gagnvart tilvist hinsegin fólks.

Þemað endurspeglast ekki bara í dagskrá hátíðarinnar heldur í efni Tímarits Hinsegin daga 2017 en forsíða ritsins og annað kynningarefni hátíðarinnar dregur fram fjölbreytileikann með listrænum hætti. Meðal efnis í tímaritinu eru viðtöl við þrónarann og þrónahönnuðinn Stephen West, Hönnu Katrínu Friðriksson, þingkonu Viðreisnar og Fred Hersch, samkynhneigðan djasstónlistarmann sem mun halda tónleika á Jazzhátíð Reykjavíkur þann 12. ágúst.

Helstu upplýsingar um Hinsegin daga má finna á www.hinsegin dagar.is. Tímarit hátíðarinnar er nú í dreifingu stöðum, m.a. á helstu sundstöðum og bókasöfnum á Höfuðborgarsvæðinu en auk þess í útibúum Landsbankans um land allt. Rafræna útgáfu ritsins má finna á www.hinsegin dagar.is/timarit.

Aðgangur fjölmiðla

Stjórn Hinsegin daga getur útvegað áhugasömum fjölmiðlum sérstakan fjölmiðlapassa eða „PRESS PASS“. Passinn veitir aðgang að öllum viðburðum hátíðarinnar en takmarkaður fjöldi passa er í boði.

Vinsamlega hafið samband á press@hinsegindagar.is eða við Gunnlaug Braga í síma 856-7784, til að panta passa. Passarnir verða aðgengilegir í Kaupfélagi Hinsegin daga, Suðurgötu 3, á milli kl. 12 og 20 frá og með mánudeginum 7. ágúst. Sjá nánar á hinsegindagar.is/kaupfelag.

Fjölmiðlatengiliðir og myndir

Eva María Þórarinsdóttir Lange

sími 690-2111, netfang eva@hinsegindagar.is

Gunnlaugur Bragi Björnsson

sími 856-7784, netfang gunnlaugur@hinsegindagar.is

Nánari upplýsingar fást einnig á press@hinsegindagar.is og á vefnum: www.hinsegindagar.is/media/
Myndir má nálgast á <http://hinsegindagar.is/media/myndir/>

Göngu- og öryggisstjórn gleðigöngu

Göngustjórn gleðigöngu skipa Setta s. 693-3376, Lilja s. 661-5505,

Anna Eir s. 869-3084 og Steina s. 866-2403. Netfang: gongustjorn@hinsegindagar.is

Öryggisstjóri gleðigöngu er Eva s. 662-4664. Netfang oryggisstjorn@hinsegindagar.is.

Sjá nánar á: www.hinsegindagar.is/gledigangan/gongustjorn/

DAGSKRÁ HINSEGIN DAGA 2017

Þriðjudagur 8. ágúst	Miðvikudagur 9. ágúst	Fimmtudagur 10. ágúst	Föstudagur 11. ágúst	Laugardagur 12. ágúst	Sunnudagur 13. ágúst
<p>Málum gleðirendur opnun Hinsegin daga Miðborg Reykjavíkur kl. 12:00 <i>Nákvæm staðsetning verður tilkynnt mánudaginn 7. ágúst</i></p> <p>Náttúruleg ást ljósmyndasýning Skólavörðustíg</p> <p>Fjarlæggar raddir: Sögur frá erlendu hinsegin fólki Stúdentakjallarinn kl. 17:00</p> <p>George Michael minningartónleikar Kaffi Rósenberg Klapparstígur 27 kl. 21:00</p>	<p>Trans börn og ungmennni á Íslandi Stúdentakjallarinn kl. 12:00</p> <p>Kynvillt Klambratún Klambratún kl. 17:00</p> <p>Hinsegin konur í tónlist Stúdentakjallarinn kl. 18:30</p> <p>Íslensk hinsegin klassík, tónleikar Iðnó, Vonarstræti 3 kl. 20:00</p> <p>Paris 05:59: Théo & Hugo, bíó Kvikmyndasýning Stúdentakjallarinn kl. 21:30</p>	<p>Kynsegin líf og kynsegin barátta Stúdentakjallarinn kl. 12:00</p> <p>HIV, hinsegin fólk og samfélagsmiðlar Stúdentakjallarinn kl. 17:00</p> <p>Eurovision, camp og hommar Stúdentakjallarinn kl. 18:30</p> <p>Opunarhátíð Hinsegin daga Gamla bíó Ingólfsstræti 2a kl. 20:00</p>	<p>Huldukonur: hinsegin kynverund kvenna í heimildum Stúdentakjallarinn kl. 12:00</p> <p>Hýrir húslestrar Stúdentakjallarinn kl. 17:00</p> <p>Hinsegin bókmenntaganga frá Borgarbókasafni Reykjavíkur kl. 19:00</p> <p>Stolt siglir fleyið mitt Hinsegin sigling frá Ægisgarði kl. 20:30</p> <p>Dragsúgur extravaganza Iðnó, Vonarstræti 3 10:00 p.m.</p> <p>Landleguball Kiki, Laugavegi 22 kl. 22:00</p> <p>RegnbogaRaf Gaukurinn Tryggvagötu kl. 23:00</p>	<p>Bubblubröns Iðnó, Vonarstræti 3 kl. 12:00</p> <p>Gleðiganga <i>Ný gönguleið!</i> Hverfisgötu við Ingólfsstræti kl. 14:00</p> <p>Útihátíð í Hjómuskálagarði <i>Ný staðsetning!</i> Að göngu lokinni</p> <p>Reykjavík Pride Party 101 Harbor, Ægisgarði 2 kl. 23:00</p>	<p>AA – Hinsegin hátíðarfundur Tjarnargötu 20 kl. 13:00</p> <p>Regnbogahátíð fjölskyldunnar Klambratún kl. 14:00</p> <p>Sundís Vesturbæjarlaug kl. 16:00</p> <p>The Adventures of Priscilla, Queen of the Desert Kvikmyndasýning Stúdentakjallarinn kl. 19:00</p>

Breytt gönguleið og götulokanir laugardaginn 12. ágúst


Gleðiganga Hinsegin daga og hátíðahöld henni tengd fara fram laugardaginn 12. ágúst. Gangan leggur af stað frá gatnamótum Hverfisgötu og Ingólfsstrætis kl. 14 og að göngu lokinni hefst hátíðardagskrá í Hljómskálagarðinum.

Í tengslum við hátíðina er búist við miklum fólksfjölda í miðborginni og óhjákvæmilega verða þar raskanir á bílaumferð. Athygli er vakin á því að flestar götur verða lokaðar í kringum gönguleiðina og hátíðarsvæðið frá kl. 12 á hádegi og þar til hátíðardagskrá í Hljómskálagarðinum lýkur.

Forsvarsfólk Hinsegin daga biður hagsmunaaðila í miðborginni velvirðingar á þeim truflunum sem hátíðin kann að valda. Íbúar Reykjavíkur og gestir eru beðnir að sýna samstarfsvilja og umburðarlyndi og hvattir til að nýta sér eftirfarandi leiðir til að komast til og frá miðborginni:

- **Strætó** gengur allan daginn. Athugið breytta áætlun meðan á götulokunum stendur. Sjá nánar á straeto.is.
- Í miðborginni eru **bílastæðahús** sem oft hafa verið illa nýtt meðan á hátíðahöldunum stendur (sjá kort á næstu bls.). Það er því engin ástæða til að leggja bílum ólöglega.

Á næstu blaðsíðu má sjá kort yfir götulokanir sem gilda laugardaginn 12. ágúst. Frekari upplýsingar um hátíðina og gönguna má finna á vefsíðu Hinsegin daga. Ef spurningar vakna vegna gönguleiðar eða götulokana vinsamlega hafið samband við göngustjórn gleðigöngunnar.



Umhverfis- og skipulagssvið
Landupplýsingar



Lokanir eru samþykktar af Umhverfis- og Skipulagsviði Reykjavíkurborgar og Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

GLEÐIGANGAN 12. ÁGÚST 2017 - lokanir gatna